

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007, Ásbyrgi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. september 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kelduneshrepps 1995-2007 frá 1. september 2000.

Breytingin felst í eftirfarandi:

- Reitur með blandaðri landnotkun fyrir verslun, þjónustu og íbúðir breytist í verslunar- og þjónustusvæði. Reiturinn minnkar úr 5,1 ha í 3,8 ha.
- Lega Ásbyrgisvegur breytist og tenging hans við þjóðveg 85 færist um 400 m til austurs. Skilgreining vegarins breytist úr stofnvegi í landsveg í samræmi við skilgreiningu Vegagerðarinnar.
- Opið svæði til sérstakra nota stækkar til norðurs vegna fyrirhugaðrar stækkunar tjaldsvæðisins.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Kelduneshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 20. september 2004.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um hættumat fyrir Ólafsvík.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 15. september 2004 staðfest tillögur hættumatsnefndar Snæfellsbæjar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Ólafsvík.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 15. september 2004.*

**Sigríður Anna Þórðardóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*